

Leikrit Listafélags NFVÍ

Leikrit listafélags NFVÍ var frumsýnt föstudaginn 4. nóvember í Bláa sal. Listafélagið ákvað í ár að setja upp The Breakfast Club sem flestir þekkjá eftir samnefndri kvikmynd.

Leikstjóri sýningarinnar er Dominique Gyða Sigrúnardóttir. Allir aðrir sem koma að sýningunni eru nemendur skólans. Sýningin er góð skemmtun og vandað til verka í einu og öllu.



Miðasala fer fram í gegnum vef NFVÍ. Ekki láta þessa sýningu framhjá ykkur fara. Þrjár sýningar eru eftir:

Laugardaginn 12. nóvember kl. 16:00
Miðvikudaginn 16. nóvember kl. 20:00
Laugardaginn 19. nóvember kl. 16:00

Skákmót

Skákmót nemenda fór fram 1. nóvember. Sigurvegari mótsins var Leifur Þorsteinnsson 2-U. Á myndinni er Leifur með skákbikar skólans og formönnum skáknefndar.



Viðbót við skólareglur

Bætt hefur verið við grein 8 í skólareglunum. Hún hljóðar svona: *Notkun á rafrettum er bönnuð í húsakynnum skólans og á lóð hans. Þá eru rafrettur einnig bannaðar á samkomum og ferðalögum sem eru í nafni skólans.*

Bókasafn

Bókasafn skólans er opið lengur í kringum jólaprófin. Opnunartíminn er sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga frá 8:00 til 22:00.

Föstudaga frá 8:00 til 18:00.

Laugardaga frá 10:00 til 19:00 og
sunnudaga frá 10:00 til 22:00.

Nemendur er hvattir til að nýta sér aðstöðu safnsins til að undirbúa sig fyrir jólaprófin.

Lengri opnunartími tekur gildi 30. nóvember.

Vælið

Sunnudaginn 20. nóv. fer fram söngkeppni skólans, Vælið. Keppnin er haldin í Hörpu og keppa þrettán atriði til úrslita.

Stefnumótun skólans

Skólinn hóf stefnumótunarvinnu síðastliðið vor undir stjórn Capacent. Tveir stórir fundir hafa verið nú í haust þar sem saman koma fulltrúar starfsmanna, kennara, foreldra, skólamefndar, fulltrúaráðs skólans, nemenda og fyrrverandi nemenda. Margar hugmyndir hafa litið dagsins ljós á þessum fundum og mikill kraftur í fólki.

Markmið vinnunnar er að gera góðan skóla enn betri.



Vinnudagur starfsmanna



Þriðjudaginn 1. nóvember var nemendum gefið frí eftir hádegi vegna vinnufundar hjá starfsfólki. Fundurinn byrjaði á fræðslufyrirlestri frá Steinunni, sálfræðingi á Litlu kvíðameðferðarstöðinni. Skólinn gerði samstarfssamning við stöðina í haust sem felst í heimsókn sálfræðings í lífsleiknitíma 1. árs nema, fræðslu til starfsmanna og sérstaka handleiðslu fyrir námsráðgjafa skólans.

Á vinnufundinum unnu kennarar einnig að valáföngum sem nemendur á lokaári í nýja 3. ára náminu velja sér. Nemendur fá nánari kynningu eftir áramót á fyrirkomulagi valsins.

Prófreglur

Nemendur og foreldrar eru hvattir til að kynna sér þær reglur sem gilda í skólanum varðandi próf. Sérstaklega er vakin athygli á því að nemendum er ekki heimilt að hafa síma á sér í prófum. Þetta gildir líka þó slökkt sé á símanum og hann í vasanum. Verði nemandi uppvís að því að brjóta prófreglur skólans verður honum vikið úr prófi og fær einkunnina 0 í áfanganum.

Prófreglurnar er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

<http://www.verslo.is/skolinn/skolareglur/>

